



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgötu 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](#)

Kennitala: 440113-0280

Orrí Árnason arkitekt

Zeppelin arkitektar

Skeifunni 19, 108 Reykjavík

[orri@zeppelin.is](#)

Reykjavík, 12. apríl 2024

Tilvísun: 1818 / 6.06 / 202403-0111

Nýlendugata 9 og Ægisgata 7, Hlíðarhús, breyting á steinbæ.

Í tölvupósti 15. mars 2024 óskar Orrí Árnason arkitekt eftir áltí Minjastofnunar vegna breytingar á deliskipulagi á lóð Ægisgötu 7, þar sem til stendur að innrétta gistihús í eldra iðnaðarhúsi. Aðliggjandi við lóð númer 7 við Ægisgötu er lóð númer 9 við Nýlendugötu og eru báðar lóðir í eigu sama aðila. Á Nýlendugötu 9 stendur steinbærinn Hlíðarhús, byggður árið 1898. Við báðar langhliðar hans eru bárujárnsklæddar skúrbyggingar, um aldur þeirra er ekki vitað. Lagt er til að lóðirnar tvær verði sameinaðar og að syðri skúrbyggingin við Hlíðarbæinn verði rifin og einu blástæði komið þar fyrir ásamt því að gróðursetja tré fyrir enda þess. Ekki er unnt að koma blástæði fyrir á öðrum stað við húsíð þar sem það fyllir út í lóðina. Áhugi er á að nýta hina skúrbygginguna sem sorpgeymslu. Ekkert liggur fyrir hver verður nýting sjálfs Hlíðarhúsabæjarins.

Steinbærinn Hlíðarhús við Nýlendugötu 9 var friðaður af mennta- málaráðherra 31. desember 2012. Friðlýsing nær til ytra borðs. Húsíð sem nú stendur er byggt árið 1898 upp úr bæ sem þar stóð áður. Sá var torfbær og tilheyrði Hlíðarhúsunum. Norðurveggur hússins sem nú stendur er veggur úr því húsi og var upphaflega hlaðinn 1883. Eldhús sem einnig fylgdi gamla bænum var látið halda sér og var þiljaður innangangur milli þess og nýja hússins. Gamla eldhúsið var rífið 1973 og geymsluskúr byggður í stað þess. Húsíð var komið í núverandi horf að ytra útliti árið 1970 ef marka má ljósmynd frá þeim tíma. Glugga á framhliðinni hefur líka verið breytt í skúrhurð og finnst ekkert um þá breytingu. Árið 1986 var húsíð skráð sem geymsla. Hlíðarhús er að mati Borgarsögusafns mjög góður vitnisburður um þá þróun reykivískrar húsagerðar er torfbær breyttust í steinbæi. Húsíð telst til steinbæja en slík húsagerð er sérreykivísk frá tímabilinu 1870-1905. Af um 150 steinbæjum sem byggðir voru í Reykjavík standa rétt rúmlega 20 enn. Þó að einungis annar hliðarveggja Norðurbæjar sé hlaðinn, telst húsíð til steinbæja og er því ástæða til að mæla með varðveislu þess.

Í 9. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 er áskilið að húsafriðunarnefnd fjalli um breytingar á friðlýstum húsum. Erindið var tekið

fyrir á fundi nefndarinnar þann 11. apríl 2024. Þar var bókun samþykkt sem er efnislega samhljóða eftirfarandi álit Minjastofnunar Íslands:

Áður en Húsafríðunarnefnd og Minjastofnun geta tekið afstöðu til breytinga á áföstum skúrbyggingum við Nýlendu götu 9 þarf að liggja fyrir greinargerð um verðuga framtíðarnýtingu hins fríðlysta steinbæjar. Minjastofnun getur ekki veitt samþykki fyrir niðurrifi skúrbyggingar summan Hlíðarhúsa til að rýma fyrir bílastæði fyrir en ofangreind greinargerð liggur fyrir.

F.h. Minjastofnunar Íslands,



Pétur H. Ármannsson
sviðsstjóri umhverfis og skipulags

Afrit í tölvupósti :

Borgarsögusafn Reykjavíkur (minjavarsla@reykjavik.is)

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur (skipulag@reykjavik.is)

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík (byggingarfulltrui@reykjavik.is)

Vakin er athytti á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Áðrar stjórnvaldsákvæðanir teknar á grundvelli laga nr. 80/2012 eru kærnanlegar til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun og fer málsmeðferð eftir ákvæðum stjórnslulaga nr. 37/1993.